



Fjölbrotaskóli
Suðurlands

Lífeðlis- og líffærafræði LÍOL2SS05 Kennsluáætlun vorönn 2021

Kennari/ar: Íris Þórðardóttir

Skammstöfun: ÍÐ

Kennslugögn:

1. *Líffæra- og lífeðlisfræði I. bindi*. Regína Stefnisdóttir (IÐNÚ 1995).
2. *Human Anatomy Coloring Book*.
3. *Glærur, skyggjur, ljósrit*. Nánar kynnt í kennslustundum.

Lýsing

Farið er í grundvallarhugtök líffærafræðinnar út frá latneskri nafngiftafræði og lífeðlisfræðileg ferli útskýrð. Fjallað er um svæðaskiptingu líkamans, áttir, líkamshol, skipulagsstig, byggingu og starfsemi frumna og vefja, flutning efna yfir himnur, jafnvæghneigð og afturvirk kerfi. Farið er í byggingu og starfsemi þekjakerfis: lagskipting húðar og líffæri; beinakerfis: beinmyndun, flokkun beina, beinagrind, brjósk, liðir og hreyfingar; vöðvakerfis: innri og ytri gerð vöðva, vöðvasamdráttur, helstu vöðvar líkamans; taugakerfis: taugavefur, taugaboð, taugaboðefni, flokkun taugakerfis og starfsemi, skynfæri og skynjun; innkirtlakerfis: innkirtlar og virkni hormóna.

Forkröfur

Þekkingarviðmið

Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:

- þeirri frumstarfsemi sem liggur til grundvallar allri líkamsstarfsemi
- starfsemi afturvirkra kerfa og grundvallaratriðum í lífeðlisfræðilegum ferlum
- latneskum grundvallarhugtökum líffærafræðinnar
- ytri og innri gerð líffæra þeirra líffærakerfa sem fjallað er um og latnesk heiti þar að lútandi
- starfsemi þeirra líffærakerfa sem fjallað er um

Leikniviðmið

Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:

- nota latnesk heiti við að lýsa afstöðu líffæra og líffærahluta
- rekja og útskýra meginþætti lífeðlisfræðilegra ferla
- tengja byggingu líffæra- og líffærahluta við starfsemi þeirra
- vinna með heimildir sem tengjast líffæra- og lífeðlisfræði

Hæfniviðmið

Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- nýta þekkingu sína og leikni í líffæra- og lífeðlisfræði í öðrum námsgreinum
- geta sýnt fram á hvernig lífshættir geta haft áhrif á heilbrigði líkamans

Kennsluform:

Fyrirlestrar og umræða um námsefnið, heimaverkefni og tímaverkefni.

Námsmat:

Skriflegt próf í lok annar. Vægi: 70%

Verkefni og hlutapróf. Vægi: 30%.

Nemendur verða að skila 90% verkefna innan tímaramma og standast kröfur skólans um mætingu. Nema um annað sé samið.

Kennari áskilur sér rétt til breytinga

Áætlun annarinnar

| Vikur/dags. | Hugtök og efnisþættir | Lesefni |
|--|--|-----------|
| 1. vika 07.1 -15.01 | Kynning á námsefni. Frumur og vefir | 3. kafli |
| 2. vika 18.-22.1 | Frumur og vefir | 3.kafli |
| 3. vika 25.-29.1 | Þekjakerfið | 4. kafli |
| 4. vika 01.02- 05.02 | Þekjakerfið | 4. kafli |
| 5. vika 08.2-12.2 | Bein og liðir | 5. kafli |
| 6. vika 15.2-19.2 | Bein og liðir | 5. kafli |
| 7. vika 22.2-26.2 | Vöðvar | 6. kafli |
| 8. vika 01.03-05.03 | Vöðvar | 6. kafli |
| 9. vika 01.03.-05.3 | Verkefnavinna í vöðvum og beinum | 6. kafli |
| 10. vika 08.3.-12.3 | Hlutverk tauga- og miðtaugakerfis | |
| 11 vika 15.3-19.3 | Úttaugakerfið | 7. kafli |
| Mánudaginn 12. vika 22.3-26.3 | 23 mars Könnun Úttaugakerfið | 7.kafli |
| 13.vika 27.3-09.4 | Skynfæri Páskafrí 27.03-06.04 | 8.kafli |
| 14. vika 12.4-16.4 | Skynfæri | 8.kafli |
| 15.vika 19.4.23.4 | Innkirtlar | 9.kafli |
| 16. vika 26.4.-30.4 | Innkirtlakerfið | 10. kafli |
| 17. vika 03.5.-07.5 | Innkirtlakerfið og upprifjun | 10. kafli |

Commented [ÍP1]:

Commented [ÍP2]:

Kennari áskilur sér rétt til breytinga